

Jafnréttisáætlun

jafnréttisáætlun fyrir skólaárið 2023-2024. Jafnréttisáætlun skólans er verkfæri til þess að útfæra jafnréttisstefnu hans með markvissum hætti. Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn skulu setja sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. gr. jafnréttis laga.

Launajafnrétti 19.grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynin fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	Skólinn vinnur að jafnlaunavottun í samræmi við lög. Jafnlaunavottun á að tryggja að kynin fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Kynna fyrir starfsfólki skólans niðurstöður jafnlaunavottunarinnar.	Stjórnendur og teymi jafnlaunavottunar. Rekstrar- og fjármálastjóri.	Árleg úttekt á vegum Vottun hf. Á fundi með starfsfólki ár hvert og/eða heimasíðu skólans

Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 20. grein:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að allir starfsmenn sem vinni sambærileg störf hafi jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	Öllum er tilkynnt með tölvupósti það sem er í boði og eru hvattir til að sækja um	Skólameistari og aðstoðarskólameistari	Alltaf þegar við á

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs 21. grein:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	Leitast er við að hafa vetrarfrí á haustönn og vorönn í samræmi við vetrarfrí grunnskóla Að fundir séu á dagvinnutíma	Skólameistari Skólaráð Stjórnendur Kennarafélag	Við gerð skóladagatala næsta skólaárs Þegar við á
Fæðingar- og foreldraorlof er nýtt jafnt af konum sem körlum	Starfsfólk er hvatt til að nýta sér rétt til fæðingar- og foreldraorlofs	Skólameistari	Kynnt sérstaklega nýju starfsfólki og verðandi foreldrum

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni 22. grein:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum	Markvissar og skilvirkar aðgerðir gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi (sbr. áætlun sem finna má á heimasíðu skólans: https://www.vma.is/is/skolinn/stefnur-og-starfsaaetlanir/aaetlun-gegn-einelti-starfsmenn).	Skólameistari	Starfsþróunar- eða fræðsludögum annað hvert ár..
Auka fræðslu og upplýsingagjöf um viðbrögð við kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni í VMA	Verklagsreglur og fagráð um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni gerðar sýnilegar t.d. inná heimasíðu VMA.	Skólameistari Mannauðsstjóri Jafnréttisfulltrúi	Starfsmannafundi a.m.k einu sinni á skólaári. Fræðsla til nýrra starfsmanna í upphafi starfs.

1. gr. Jafnréttislagi/ menntun og skólastarf:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Skólasvæði VMA verði aðgengilegt öllum hópum og kennslurými henti fjölbreyttum hópi nemenda, fjölbreyttu námi og kennslu aðferðum	Unnið verður að úrbótum á aðgengi á skólasvæði í samræmi við aðgengisúttektir. Vinna að úrbótum á búningsklefum fyrir konur í iðnnámi	Skólameistari Umsjónarmaður fasteigna	Gerð áætlun um breytingar á húsnæði á haustönn fyrir næsta ár á eftir.
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fáir drengir og stúlkur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf	Skipuleggja kynningar á námi í skólanum með kynjahlutföll á námsbrautum í huga. Fræða um fordóma gagnvart ríkjandi viðhorfum um að ákveðin störf séu karla- eða kvennastörf.	Stjórnendur Námsráðgjafar Fag- og brautarstjórar	Á öllum kynningum um námsframboð í skólanum.
Fjölga konum í iðn- og tækninámi með markvissum aðgerðum.	Kynna nám í iðn- og tæknigreinum innan skólans og í kynningum til grunnskólanemenda með áherslu á að konur geti farið í iðn- og tækninám alveg eins og karlar. Tekið sé vel á móti þeim konum sem koma í iðn- og tækninám við skólann.	Stjórnendur, Námsráðgjafar Fag- og brautarstjórar Kennarar í iðn- og tækninámi	Á öllum kynningum um námsframboð í skólanum. Í kennslustundum þar sem konur eru í iðn- og tækninámi.
Fjölga körlum í sjúkraliðanámi og háriðn með markvissum aðgerðum.	Kynna sjúkraliðanámi og nám í háriðn innan skólans og í kynningum til grunnskólanemenda með áherslu á að karlar geti farið í iðn- og tækninám alveg eins og konur. Tekið sé vel á móti þeim körlum sem koma í sjúkraliðanámi og nám í háriðn við skólann.	Stjórnendur, Námsráðgjafar Fag- og brautarstjórar Kennarar í háriðn- og sjúkraliðanámi.	Á öllum kynningum um námsframboð í skólanum. Í kennslustundum þar sem konur eru í iðn- og tækninámi.

1. gr. Jafnréttislaga/ menntun og skólastarf:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir:- kynbundu ofbeldi - kynbundinni áreitni - kynferðislegri áreitni í skólanum	<p>Auka skal fræðslu um kynbundna- og kynferðislega áreitni til að stuðla að því að allir nemendur séu meðvitaðir um slík málefni og geti greint slík mál og brugðist við þeim.</p> <p>Markvissar og skilvirkar aðgerðir gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi (sbr. áætlun sem finna má á heimasíðu skólans: www.vma.is/is/skolinn/stefnur-og-starfsaaetlanir/aaetlun-gegn-einelti-nemendur).</p>	<p>Skólameistari</p> <p>Kennarar</p> <p>Formaður nemendafélags</p> <p>Viðburðarstjóri</p> <p>Skólameistari Gæðaráð</p>	<p>Á þemadögum</p> <p>Þegar það passar inn í skólastarfið</p>